

FÁLKINN

Á hljómlaikum
hjá Svavari
Gests — sjá opnu




34. árg. 14. tbl. — 12. apríl 1961 — Verð: 12 kr.

ÍSLENZK HÚSGÖGN '61




Rétt fyrir páskana, um það leyti sem menn voru í óðaönn að búa sig undir páskaleyfið, var opnuð nýstárleg og skemmtileg sýning í nýjum húsakynnum að Laugavegi 26. Hér var um að ræða sýninguna húsgögn 1961, sem Félag húsgagnaarkitekta gengst fyrir.

Strax og komið er inn í þessi nýju og rúmgóðu húsakynni, veita menn eftirtekt hinum bjarta og léttu blæ, sem er yfir sýningunni allri. Hvarvetna blasa við augum einföld form og hreinar línur, og ósjálfrátt hvarflar hugurinn að þeim stórstígu breytingum, sem orðið hafa á sviði húsgagna á undanfórnum árum. Allt óparfa skraut og pírupár virðist nú að mestu úr sögunni, stælingar á ævagömlum skrautstílum eru horfnar og léttleiki og einfaldleiki nútímalistar segir til sín. Enda þótt húsgögnin sjálf séu í meginatriðum hin sömu og voru hjá Egyptum, sem fyrstir komu fram með þau, eins og borð, stólar, rúm, skápar og kistur, — þá eru húsgögnin engan veginn sjálfstætt fyrirbæri, heldur spegilmynd af lifnaðarháttum og lífsviðhorfum hvers tíma. Stílar eins og rokoko og barok áttu vel við á sínum tíma, en heyra ekki tuttugustu öldinni til.



Þetta er önnur sýning Félags húsgagnaarkitekta. Hin fyrri var haldin um páskana í fyrra í húsakynnum Almennra trygginga. Þessi nýja sýning er öllu viðameiri og fjölbreyttari. Þarna eru ekki einungis húsgögn til sýnis, heldur sitt-hvað fleira sem lýtur að húsbúnaði, svo sem silfurmunir, keramik, listvefnaður, smelli, húsgagnaáklæði, værðarvoðir og gólfteppi. Allt er þetta með nýtzkulegum blæ og fellur vel inn í heildarsvip sýningarinnar.

Það eru átta húsgagnaarkitektar og 4 aðrir aðilar, sem teiknað hafa húsgögnin, og hér er eingöngu um að ræða nýjar gerðir, sem ekki hafa verið sýndar eða seldar áður. Er ætlunin að hafa þennan háttinn á framvegis, þannig að sýningin kynni árlega það allranýjasta sem er að gerast á sviði húsgagna hér á landi. Það gefur þessari sýningu aukið gildi, að af henni verða valdir munir, sem síðan verða sendir á hand- og listiðnaðarsýningu, sem haldin veruð í München í júníbyrjun í sumar. Listiðnaðarsýningin í München er haldin árlega, og hefur ævinlega verið mikil þátttaka í henni. Meðal annars sýna Norðurlandabjóðirnar allar þar listiðnað sinn. Íslendingar hafa einu sinni verið meðal þátttakenda og það var þá, sem Ásgerður Ester Búadóttir hlaut gullpening sýningarinnar fyrir myndvefnað.





Oddur Ólafsson tók þessa mynd fyrir FÁLKANN að kvöldi fyrsta dags sýningarinnar. Á henni eru saman komnir arkitektarnir átta, sem teiknað hafa húsgögn sýningarinnar, og situr hver á stól, sem hann hefur sjálfur teiknað (að einum undanskildum). Arkitektarnir eru taldir frá vinstri: Halldór Hjálmarsson, Helgi Hallgrímsson, Gunnar Theódórsson, Gunnar Guðmundsson, Þorkell G. Guðmundsson, Kjartan Á. Kjartansson, Árni Jónsson og Hjalti Geir Kristjánsson, formaður sýningarnefndar.

Á myndinni efst til vinstri sér yfir leirkerasmíði og listvefnað sýningarinnar. Leirkerasmíðin er frá leirbrennslunni Glit h.f. Smíðin er eftir Ragnar Kjartansson, Ragnheiði Jónsdóttur og Steinunni Marteinsdóttur. Listvefnadurinn er eftir Barböru Árnason, Guðrúnu Jónsdóttur og Ásgerði Ester Búadóttur.

Myndin þar fyrir neðan er af hægindastólum og smáborði. Sýnendur eru Húsgögn Co., Smiðjustíg 11, og Ásgrímur P. Lúðvíksson, Bergstaðastræti 2. Húsgagnaarkitekt: Gunnar Guðmundsson.

Neðst á síðunni sjáum við borðstofuhúsgögn. Sýnandi er Trésmiðjan h.f., Brautarholti 20. Húsgagnaarkitekt: Helgi Hallgrímsson.

Og síðast hér til hægri eru nokkrar myndir af einstökum munum listiðnaðarins. Vasinn er frá leirbrennslunni Glit h.f. Pipar og saltið er úr silfri og gert af Jóhannesi Jóhannessyni listmálara. Hinn nýstárlegi servíettuhringur er eftir Kjartan Á. Kjartansson.

